

1911002-Bæjarstjórn Fjallabyggðar - 233 (13.9.2023) - Reglur um úthlutun lóða í Fjallabyggð

Málsnúmer : 2310001
Málsaðili : Fjallabyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 13.09.2023

Inngangur : Gildandi reglur um úthlutun lóða í Fjallabyggð teknar til umræðu.

Guðjón M. Ólafsson, Arnar Þór Stefánsson, S. Guðrún Hauksdóttir og Tómas Atli Einarsson tóku til máls.

Niðurstaða : Guðjón M. Ólafsson lagði fram eftirfarandi tillögu að breytingu á 5. gr. reglnanna:
Við 5. gr. reglnanna bætist ný 3. mgr., svohljóðandi.

„Á svæðum sem bæði hafa verið kynnt sem mögulega lausar lóðir og deiliskipulagsvinna er þegar hafin er heimilt að úthluta án auglýsingar. Byggingin þarf að lúta skilmálum og kvöðum deiliskipulags svæðisins þegar það liggur fyrir. Öll vinna umsækjenda áður en deiliskipulag er samþykkt er á eigin ábyrgð.“

Breytingatillagan er samþykkt með 7 atkvæðum.

Guðjón M. Ólafsson lagði einnig fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkir framlagða breytingartillögu ásamt því að samþykkja heildarendurskoðun á reglum um úthlutun lóða í Fjallabyggð. Skipulags- og umhverfisnefnd falið að leiða heildarendurskoðun reglnanna.

Samþykkt með 7 atkvæðum.